



Grundarfjarðarbær

Álagningarákvæði fasteignagjalda 2023

Flokkar fasteigna:

A-flokkur:

Þessum flokki tilheyra íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthús, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum. Til landbúnaðar telst grasrækt, garðrækt, ylrækt, skógrækt og búfjárrækt önnur en fiskeldi ef lögð er stund á þessar greinar í þeim mæli að talist geti búrekstur eða þáttur í búrekstri.

B-flokkur:

Þessum flokki tilheyra sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

C-flokkur:

Þessum flokki tilheyra allar aðrar fasteignir en í A- og B-flokki, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir (hús og lóðir) skal vera fasteignamat þeirra, sbr. útgefinn álagningarstofn Þjóðskrár 31. desember ár hvert.

Fasteignaskattur er 0,5% af fasteignamati í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki.

Lóðarleiga er reiknað hlutfall af lóðarmati í samræmi við lóðarleigusamninga.

Lóðarleiga er 1,5% í A-flokki, 2,0% í B-flokki og 4,00% í C-flokki. Lóðarleiga ræktunarlands er 3,00% af lóðarmati.

Fráveitugjald er reiknað hlutfall af heildarfasteignamati fasteignar. Fráveitugjald er 0,19% í A-flokki, 0,3% í B-flokki og 0,4% í C-flokki.

Sorpgjald (hreinsunar- og eyðingargjald) er lagt á íbúðarhúsnæði, 53.500 kr. Sorpgjald sumarhúsa er 24.450 kr.

Vatnsgjald er ákvarðað og innheimt af Veitum ohf. (dótturfélagi OR). Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja fasteignamatseiningu og fermetragjaldi á hvern fermetra miðað við hverja fasteignamatseiningu samkvæmt fasteignamati. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði á sömu lóð er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjaldið fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru ákvarðaðir af OR og ekki er víst að það séu sömu gjalddagar og annarra fasteignagjalda sem innheimt eru af Grundarfjarðarbæ.

Gjalddagar fasteignagjalda sem Grundarfjarðarbær innheimtir eru tíu á árinu:

1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga eða næsta virka dag þar á eftir, beri eindaga upp á frídag.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

Heildarálagning að fjárhæð 25.000 kr. og lægri kemur óskipt til greiðslu 1. maí.

Afsláttur af fasteignaskatti er veittur tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt sérstökum reglum sem bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar hefur sett. Afsláttur er sóttur sjálfvirkt til Ríkisskattstjóra og reiknast afsláttur út frá tekjum ársins 2021 samkvæmt skattframtali 2022.

Greiða má fasteignagjöldin með greiðsluseðli, boðgreiðslu Visa/Euro eða beingreiðslu í banka.

Nánari upplýsingar eru veittar á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar, Borgarbraut 16, sími 430 8500. Einnig má senda fyrirspurn á grundarfjordur@grundarfjordur.is.